

Tækniþjónusta Vestfjarða ehf.
bt. Sveinn Lyngmo
Aðalstræti 26
400 Ísafjörður



Ísafjörður 19. júní 2017
UST201705-235/J.S.J.
08.25.02

Frárennislögn í Tunguá við Seljaland í Skutulsfirði

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Sveins Lyngmo, fyrir hönd Tækniþjónustu Vestfjarða ehf. dags. 26. maí 2017, vegna fyrirhugaðra framkvæmdar við frárennislögn sem fyrirhugað er að grafa í botn Tunguár við Seljaland í Skutulsfirði og fram fjöruna gegnum ós Tunguár.


Fyrirhuguð framkvæmd er á hverfisvernduðu svæði H6 skv. aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Markmið hverfisverndarinnar er að varðveita og vernda náttúru svæðisins - fjörur, grunnsævi, klettastrandir, fjölbreytt lífríki, víðáttumiklar lífauðugar leirur og mikið fuglalíf - þannig að hægt sé að nýta svæðið til almennrar útivistar.

Samkvæmt ákvæðum varðandi hverfisvernduð svæði í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 skal mannvirkjagerð haldið í lágmarki og skal hún valda eins lítilli röskun á útivist og umhverfi, þ.e. lífríki, landslagi, fjörunum, grunnsævi og leirum, eins og kostur er. Umferð verði beint á ákveðnar leiðir til að hlífa náttúru og hámarka upplifun gesta og íbúa.


Fyrirhuguð framkvæmd er á mörkum svæðis nr. 315 á náttúrminjaskrá, þar sem fjölbreytt landslag, gil, ár og fossar. Sérstætt gróðurfar, vöxtulegur birkiskógur. Fundarstaður surtarbrands og annarra steingerðra plöntuleifa, meðal elstu minja um gróðurfar hérlendis.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar, sé háð því hvernig staðið verði að verki. Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd eins og henni er lýst af umsækjanda og verði unnin þannig, muni ekki rýra verndargildi svæðisins til lengri tíma lítið.


Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri